

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum (SSKS) haldinn á Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 14. október 2022 kl. 12:30.

Jón Páll Hreinsson, formaður samtakanna, setti fundinn og stakk upp á að hann myndi stýra fundi og Ingibjörg Hinriksdóttir myndi rita fundargerð. Var það samþykkt.

## Skýrsla stjórnar

Jón Páll ræddi um starfsemi samtakanna og sagði frá því að þó stjórnin hafi ekki fundað oft formlega þá fundaði stjórnin oftár óformlega. M.a. var mikið samtal við Orkustofnun um mögulega skýrslugerð fyrir samtökin. Einnig sagði Jón Páll frá því að þó markmið samtakanna sé að leggja sjálfa sig niður þá hafi fjöldi aðildarsveitarfélaga staðið í stað. Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september var þó nokkur umræða um starfsemi samtakanna og greinilegt að eftirspurn er eftir starfsemi þeirra.

## Ársreikningur stjórnar

Jón skýrði frá ársreikningi sem fylgir fundargerð þessari. Því næst gaf hann orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, sagði frá því að hann og Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hafi átt samtal við umhverfisráðherra og orkumálastjóra um rafmagn til húshitunar og framtíð skerðanlegrar orku til húshitunar. Einnig ræddu þau við fulltrúa frá Landsvirkjun um sama mál. Samtalið snýst um afhendingu orku, orkuverð og ýmislegt fleira.

Kristinn hvatti til þess að ný stjórn samtakanna taki málið upp og fylgi því eftir. Okkar brýnasta verkefni er að SSKS, í samvinnu við Landsvirkjun eða aðra orkusala, búi til taxa sem er snúinn að Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.

Því næst tók Íris Róbertsdóttir til máls og ræddi um sína afstöðu. Tók hún undir það sem Kristinn hafði sagt áður. En staðan er sú að þó fyrirtækin segi að það sé mikill skilningur á því sem verið er að segja þá sé sá skilningur ekki til staðar í raun og veru. Málið er eins og heit kartafla sem gengur á milli umhverfisráðuneytis, orkumálastjóra og Landsvirkjunar.

Jón Páll og Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfjarðarbæ, tóku því næst til máls og óskuðu frekari skýringa frá Kristni og Írisi. Hver er rökstuðningur þeirra og orsök

Kristinn sagði að t.d. væri grunnskólinn að kaupa afgangsortku af Landsvirkjun til að kynda skólann, það sama á við fiskþurrkun og fleiri fyrirtæki. Sl. vetur var lokað skyndilega fyrir afgangsortkuna og þessi fyrirtæki og stofnanir sátu uppi með gríðarlega mikinn orkureikning vegna þess að þau þurftu að notast við olíu til kyndingar. Einnig varðar þetta neytendavernd gagnvart orkusölu. Kristinn ítrekaði að leiðangur þeirra Írisar hafi ekki verið bundinn við þeirra sveitarfélög heldur öll sveitarfélög sem eru innan vébanda SSKS.

Það þarf að koma því þannig við að við sem hér erum þurfum ekki að vera í betliferðum til að sækja orku til að kynda stofnanir og fyrirtæki.

Jón Páll sagði að við samtökunum blasti breyttur veruleiki og við þurfum að uppfæra sig til samræmis við þetta. Ingibjörg benti á að einnig þyrfti að skoða samþykktir samtakanna af þessu tilefni. Björg tók einnig til máls um samþykktirnar.

Þá bar Jón Páll upp til samþykktar ársskýrslu og ársreikning fyrir árið 2021 og var hvoru tveggja samþykkt.

## Ákvörðun um árgjald

Samþykkt að ekki verði innheimt árgjald fyrir árið 2023.

## Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Jón Páll skýrði frá því að á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldið var á Akureyri í september, hafi komið fram nokkrir liðir í stefnumótun sambandsins sem varða starfsemi SSKS. Sérstaklega varðar þetta stefnumörkun nr. 7.5 sem segir: *Gerð verði áætlun um nauðsynlega innviði til bættar meðhöndlunar úrgangs, svo sem sorpbrennslu til orkunýtingar fyrir þann úrgang sem ekki verður endurnýttur, þar sem m.a. verði lögð áhersla á ábyrgð framleiðenda og forsvaranlega förgun áhættuúrgangs.*

Umræður urðu um þá hugmynd að nýta sorpbrennslu til orkuframleiðslu. Til máls tóku Kristinn Jónasson, Jón G. Valgeirsson, Íris Róbertsdóttir og Jón Páll Hreinsson.

## Umræður um ályktanir um orkumál

*Ársfundur SSKS 2022 samþykkir að fela nýrri stjórn og varastjórn að gera tillögu að stefnu fyrir samtökin, með vísan í umræður á aðalfundi, og leggja fyrir félagsfund.*

Umræður urðu um orkumál. Til máls tóku Björg Ágústsdóttir, Jón Páll Hreinsson, Björn Ingimarsson, Íris Róbertsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Einar Kristján Jónsson og Kristinn Jónasson.

## Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja manna til vara

### Aðalstjórn:

- Jón Páll Hreinsson Bolungarvíkurkaupstað
- Björn Ingimarsson Múlaþing
- Íris Róbertsdóttir Vestmannaeyjabæ

### Varastjórn:

- Björg Ágústsdóttir Grundarfjarðarbæ
- Jón Hrói Finnsson Þingeyjarsveit
- Eydís Indriðadóttir, Rangárþingi ytra

Voru þau kosin með lófataki.

## Kosning tveggja endurskoðenda

- Kristinn Jónasson Snæfellsbæ
- Jóhannes Á. Jóhannesson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

## Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13:43.

Mætt voru:

- Hulda Kristjánsdóttir Flóahreppi,
- Pröstur Aðalbjarnarson, Eyja- og Miklaholtshreppi,
- Gerður Björk Sveinsdóttir Vesturbyggð,
- Katrín Sigurjónsdóttir Norðurþing,
- Björn Ingimarsson Múlaþing,
- Bergbór Bjarnason Norðurþing,
- Íris Róbertsdóttir Vestmannaeyjabær,
- Kristinn Jónasson Snæfellsbær,
- Jón Hrói Finnsson Þingeyjarsveit,
- Sigfús Ingi Sigfússon, Sveitarfélaginu Skagafirði,
- Eydís Indriðadóttir, Rangárþingi ytra,
- Jón G. Valgeirsson, Rangárþingi ytra,
- Björg Ágútsdóttir Grundarfjarðarbær,
- Einar Kristján Jónsson Skaftárhreppi,
- Sara Elísabet Sveinsdóttir Vopnafjarðarhreppur,
- Sigurður Þór Guðmundsson Langaneybyggð,
- Jón Páll Hreinsson Bolungarvík
- og Ingibjörg Hinriksdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga.